

Leikskólinn Krílabær
Litlulaugum Þingeyjarsveit
650 Laugar
s.4643315/8420050
krilabaer@thingeyjarskoli.is

Fréttabréf maímánaðar 2025

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
				1. Lokað	2. Jógúrt og brauð	3.
4.	5. Soðinn fiskur	6. Hakk og spaghetti Vivían 4 ára	7. Svínahnakki Snemmlökun kl. 15	8. Steiktur fiskur Sveitaferð	9. Mjólkurgrautur	10.
11.	12. Fiskibollur/ fiskilummur	13. Kjötfars og kál	14. Kjöt í Karry	15. Slátur	16. Mjólkurgrautur og slátur	17.
18.	19. Bleikja	20. Kjötbollur	21. Pizza	22. Kjúklingur	23. Skyr og brauð	24.
25.	26. Soðinn fiskur	27. Lasagne	28. Pasta	29. Uppstigningardagur Lokað	30. Mjólkurgrautur Síðasti dagur Diddu	31.

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á íþróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að íþróttum loknum

Við óskum ykkur gleðilegs sumars og þökkum ykkur fyrir veturinn. Við hlökkum til að fara inn í sumarið með ykkur



Sveitaferð

Sveitaferð verður á dagskrá hjá okkur, sjá tölvupóst frá leikólastjóra.



maí fréttabréf 2025

Símasamband

Ef þið þurfið að ná í okkur er best að hringja í farsímann okkar þar er símanúmerið **8420050**

Vorpema

Með hækkandi sól og vonandi vorblíðu munum við fara að losa um fast skipulag hjá okkur, sem þýðir að tónlist og íþróttir hætta um miðjan maí. Stefnt verður að meiri útiveru og vettvangsferðum. Grenndarkennsla í bland við náttúruskoðun og hreyfing í skógarferðum og á íþróttavölinn

Enn á ný eru breytingar í barnahópnum okkar. Nú hefur hún Sunna Björg sagt skilið við okkur og mun hefja leikskólagöngu í sínum heima leikskóla í Mývatnssveit nú í byrjun maí.

Við þökkum henni og fjölskyldu hennar fyrir samveruna og óskum þeim alls hins besta.

∞

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi þá mun hún Vivían Magnea einnig kveðja okkur og er síðasti dagur hennar þann 16. maí. Við óskum henni og fjölskyldu hennar einng alls hins besta á nýjum slóðum.

∞

Einnig mun hún Didda okkar segja skilið við okkur og er þetta síðasti mánuður hennar sem matráður í Krílabæ. Við þökkum henni fyrir samfylgdina og óskum henni góðra og gleðilegra tíma

∞

Hins vegar bætist drengur í hópinn okkar, því þann 5. maí byrjar hann Einar Reykjalín hjá okkur. Hann er rúmlega árs gamall og bjóðum við hann og fjölskyldu hans velkomin til okkar. Foreldrar hans heita Erla Ingileif og Fannar Reykjalín og búa á Einarsstöðum.